[redacted]



Aðalfundur L. S. B. haldinn 30 maí 1987 kl 14.00 í Risinu Hverfisgötu 105 Rvk.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og þá sérstaklega Gísla Gíslason frá Náttúruverndarráði.

Mættir voru 12 félagar. Formaður taldi að þessi fundur væri löglegur þar sem 10 fundarmenn þyrfti til þess að svo væri.

Hans Hilaríusson las upp fundargerð síðasta aðalfundar.

Gengið var til dagskrár

1. Skýrsla stjórnar.
Þorvarður Jónsson formaður flutti skýrslu stjórnar, og vísast til hennar þar sem hún er varðveitt í skjalasafni félagsins.

2. Reikningar
Magnús Guðmundsson gjaldkeri skýrði reikninga félagsins frá 1.1. 1985 til 31-12. 1986.

Tekjuafgangur var 36287.13.
Skuldlaus eign í árslok var kr
62026.19.
Endurskoðaðir reikningar voru
samþ. samhljóða.

3. Stjórnarkjör
Lagt var til að stjórnin verði
endurkjörin með þeim breitingum
að Magnús Guðmundsson gjaldkeri
óskar eftir því að fá lausn frá
stjórnarstörfum og að í hans stað
verði Kristinn Gíslason gjaldkeri
Samþ. samhljóða.
Stjórn er þannig skipuð.
Formaður Þorvarður Jónsson Ritari
Hans Hilaríusson Gjaldkeri Kristinn
Gíslason. aðrir eru Arnór Stígsson
Magnús Reynir Guðmundsson
Varastjórn. Ásgeir Jónsson Guðmundur
Halldórsson Þórður Júlíusson.
Endurskoðendur.
Kristján Jónasson Magnús Guðmundsso
til vara. Sigríður Guðmundsdóttir
og Sævar Geirsson.

5. Félagsgjald var ákveðið kr 800. fyrir árin 1987 og 1988. innheimt á einum gíróseðli.

6. Önnur mál.
Sigríður Guðmundsdóttir spurði um útrýmingu minks á svæðinu og kom fram í máli hennar að minkur hefði verið í húsum í Aðalvík og að þar hafi verið greni undir gólfum.
Haft var samband við meindýraeyði svæðisins, en hann vísaði fólki á að tala við Sýslumann.
Nokkurt spjall var um þetta mál stjórnin mun taka það upp í samstarfsnefnd með Náttúruverndarráði.

Gísli Gíslason tók til máls og þakkaði boð um að fá að sitja þennan fund hann lýsti því yfir að samstarf við Landeigendafélagið hafi verið með ágætum.
Þá rakti Gísli störf þau sem N.V.R. stóð fyrir í Hornstrandafriðlandinu meðal annars landvörslu, merkingar gönguleiða og skipulag tjaldsvæða

[redacted]

Í júlí er fyrirhuguð ferð stjórnar og starfsfólks N.V.R. til Hornstranda meðal annars boðið nefndarmönnum í Hornstrandanefnd.

Fleira var ekki gert. Formaður þakkaði góða fundasetu og sleit fundi kl 17.15.

Hans Hilaríusson